

Nr. 077 / 11 Lilja

Vélarvana og dregin til hafnar

Skipaskr.nr. óskráður
Smíðaður: Hafnarfirði plast
Stærð: brl. bt.
Mesta lengd: 6 m Skráð lengd:
Breidd: 2 m Dýpt:
Vél: Iveco utanborðsvél 51 kW
Fjöldi skipverja: 2

Gögn:

Gögn RNS

©

Lokaskýrsla afgreidd á fundi 4. nóvember 2011 af Inga Tryggvasyni, Hilmari Snorrasyni, Pálma K. Jónssyni, Jóhanni Ársælssyni og Ólafi K. Ármannssyni

Tilgangur þessarar skýrslu er ekki að skipta sök eða ábyrgð og skal henni ekki beitt sem sönnunargagn í opinberu máli.

Atvikalýsing:

Þann 14. júní 2011 var skemmtibáturinn Lilja á veiðum með sjóstöng um eina sjómílu austur af Garðskagavita. Veður: Logn.

Þegar formaður sá að straumur bar bátinn að ströndinni ætlaði hann að kippa utar en vélin fór ekki þá í gang þrátt fyrir ítrekaðar tilraunir. Hann óskaði eftir aðstoð og björgunarbáturinn Njörður Garðarsson dró Lilju inn í Grófarhöfn.

Við rannsókn kom fram:

- að svissinn var skemmdur og notað var skrúfjárn til að starta vélinni með því að stinga því inn í hann. Einnig þurfti alltaf að nota innsogið þegar startað var. Skipstjórinn var ekki viss hvort hann hefði beitt skrúfjárninu rangt eða of mikið eldsneyti farið inn á vélina og bleytt kertin því hún fór strax í gang þegar komið var í höfn.

Nefndarálit:

Nefndin telur ástæðu bilunarinnar hafa verið slægt viðhald og átelur skipstjóra að hafa ekki skipt um sviss.